**Fundargerð**

39. fundur lýðheilsuráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
13. júní 2023, kl. 14:00

Viðstaddir: Bjarney Rut Jensdóttir formaður, Anna Lydía Helgadóttir, Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir, Karítas Lára Rafnkelsdóttir og Elfa Hrund Guttormsdóttir.

Að auki sátu fundinn Hafþór Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi og Íris Eysteinsdóttir ritari.

Magnús Einþór Áskelsson boðaði forföll, Elva Hrund Guttormsdóttir sat fundinn í hans stað.

Daníel Örn Gunnarsson fulltrúi ungmennaráðs sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

* * *

1. **Kynning frá Virkniteymi MSS (2023060047)**
   Gunnrún Theódórsdóttir og Ragnhildur Helga Guðbrandsdóttir frá MSS mættu á fundinn og sögðu frá virkniteymi MSS, hver lykilatriðin séu og markmiðum starfsins.

   Lýðheilsuráð þakkar greinargóða kynningu.

2. **Kynning frá félagsráðgjöfum FS (2023060048)**
   Rannveig Sigríður Ragnarsdóttir félagsráðgjafi hjá Fjölbrautaskóla Suðurnesja mætti á fundinn og sagði frá þeirri þjónustu sem þau bjóða upp á fyrir nemendur skólans.

   Lýðheilsuráð þakkar greinargóða kynningu.

3. **Kynning á Björginni geðræktarmiðstöð (2023060049)**
   Díana Hilmarsdóttir forstöðumaður Bjargarinnar geðræktarmiðstöðvar Suðurnesja mætti á fundinn og kynnti starfsemi þeirra og helstu markmið.

   Lýðheilsuráð þakkar greinargóða kynningu.

4. **Frístundir.is (2023010324)**
   Hafþór Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi minnti á vefinn fristundir.is en þar má kynna sér fjölbreytt úrval íþrótta- og tómstunda sem stendur ungum sem öldnum til boða.

5. **Málþing vegna snjallsímalausra grunnskóla (2023030312)**
   Bjarney Rut Jensdóttir formaður lýðheilsuráðs skýrði frá vinnu ráðsins varðandi málþing um snjallsímanotkun barna og ungmenna í grunnskólum sem ráðgert er að fari fram í haust í Reykjanesbæ.

Lýðheilsuráð felur Bjarneyju Rut Jensdóttur að vinna áfram í málinu.

6. **Heilsu- og forvarnarvika Suðurnesja 25. september - 1. október 2023 (2023060135)**
Hafþór Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi sagði frá undirbúningi fyrir heilsu- og forvarnarviku Suðurnesja sem haldin verður 25. september – 1. október og verður að einhverju leyti tengd íþróttaviku Evrópu sem fer fram um svipað leyti. Vakin er sérstök athygli á að heilsu- og forvarnarvikan fer fram viku fyrr en vanalega.

________________________________

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:00